

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Fundargerð 3. umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2013-2014 haldinn laugardaginn

5. apríl 2014 kl. 10:00 í Kiwanishússalnum, Bíldshöfða 12 Reykjavík

Mættir voru: Dröfn Sveinsdóttir umdæmisstjóri, Gunnlaugur Gunnlaugsson kjörumdæmisstjóri/stefnumótunarnefnd, Hjördís Harðardóttir fráfarandi umdæmisstjóri, Hildisif Björgvinsdóttir umdæmisritari, Eyþór K. Einarsson umdæmisféhirðir, Tómas Sveinsson erlendur ritari/tengiliður Færeyjasvæðis/internetnefnd, Bjarni Vésteinsson svæðisstjóri Freyjusvæðis, Björgheðin Jacobsen svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Jóhanna M. Einarsdóttir svæðisstjóri Ægissvæðis, Stefán R. Jónsson tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra, Óskar Guðjónsson upplýsinga- og blaðafulltrúi/ritstjóri Kiwanisfrétta, Arnaldur Mar Bjarnason formaður umdæmisþingnefndar, Ástbjörn Egilsson formaður styrktarsjóðs KIF, Haraldur Finnsson formaður hjálmanefndar, Kristján G. Jóhannsson formaður ferðanefndar, Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar.

Forföll boðuðu: Svavar Svavarsson formaður fræðslunefndar, Sigurgeir Aðalgeirsson formaður laga- og ályktananevndar, Hildur Valsdóttir formaður kvennanevndar, Geir Þorsteinsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Guðmundur Karl Jóhannesson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Guðmundur Skarphéðinsson formaður útbreiðslu- og fjölgunarnefndar, Andrés Hjaltason formaður tryggingarsjóðs Kiwanis, Konráð Konráðsson tengiliður við gagnagrunn KI.

Gestir: Nicolina Jacobsen, Eysturoy, Atli Heiðar Þórsson, Eldfelli, Guðbjörg Pálsdóttir, Sólborg, Ragnar Örn Pétursson, Keili og Sæmundur H. Sæmundsson, Elliða.

Dagskrá:

1. Umdæmisstjóri Dröfn Sveinsdóttir setti fund kl. 10:00 og bauð fundarfundarmenn velkomna og skilaði kveðju frá þeim sem boðaða höfðu forföll.

2. Ársreikningar 2012-2013

Guðbjörg Pálsdóttir fráfarandi féhirðir fór yfir rekstrar- og efnahagsreikning fyrir starfsárið 2012-2013.

Umræður

Sæmundur H. Sæmundsson sagði að það væri ekki rétt í efnahagsreikningi að umdæmið væri í skuld við Styrktarsjóð, heldur ætti Styrktarsjóður í hlut í Húseigninni Bilshöfða 12.

Eyþór K. Einarsson bað um skýringar á liðnum Áhöld og tæki

Kristján G. Jóhannsson sagði að vantaði að setja inn eigið fé(hagnaður ársins)

Guðbjörg svaraði fyrirspurn frá Eyþóri og sagðist láta laga þær athugasemdir sem komu fram.

3. Umræður um skýrslur

Dröfn er ánægð með skýrslurnar

Bjarni bætti við sína skýrslu að Jökla væru óvirkur klúbbur, hann hafði náð sambandi við forseta Jökla, enginn formlegur fundur hefur verið hjá þeim en þeir hittasta heima hjá hvor öðrum. Tveir hafa látist og er því ekki réttur félagafjöldi í gagnagruninum. Óskaði eftir því við forseta Jökla að þeir skiluðu inn skýrslum. Sagði að Básar hefðu verið að taka inn nýjan félag og að Þyrill hefði tekið hraustlega á stífkrampaverkefninu bækingum hefði verið dreift í öll hún á Akranesi.

Jóhanna hefur áhyggjur af Hofi og Setbergi báðir klúbbar eru fámennir og þurfa aðstoð. Sagði að það vantaði skýrslur frá sömu nefndum og síðast, spurði hvort nefndarformenn hefðu verið kallaðir á fund.

Arnaldur ræddi um undirbúning þings og þær sparnaðarleiðir sem þarf að fara.

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Stefán óskaði Hjördísi með afkomu ársins. Hældi skýrslum frá svæðisstjórum. Talaði um fjölgun maður á mann og frá varlega í rafræn samskipti.

4. Fjárhagsáætlun 2014-2015

Arnór fór yfir fjárhagsáætlun starfsársins 2014-2015 og lagði fram áætlunina.

Eyþór sagði að ekki væri hægt að reka umdæmið eftir þessari fjárhagsáætlun. Á næsta starfsári eru margir embættismenn utan af landi. Eyþór lagði fram aðra fjárhagsáætlun og sagðist ekki leggja af stað með fjárhagsáætlun sem stenst ekki og reka umdæmið með tapi.

Miklar umræður voru um fjárhagsáætlunina og voru menn á því að það þyrfti að endurskoða hana. Ýmsar tillögur um sparnað og miklar umræður um kostnað við lokahóf á þingi.

Ákveðið að vísa fjárhagsáætluninni aftur til fjárhagsnefndar til endurskoðunar og verður kallaður saman auka fundur til að til að leggja fram nýja fjárhagsáætlun.

5. Vinnuhópar

Formenn vinnuhópa fóru yfir niðurstöður vinnuhópanna og verða þær settar inn á heimsíðu umdæmisins, og nýtar í vinnuhópa á þinginu.

6. Sexmánaðaruppgjör

Eyþór fór yfir sexmánaðaruppgjör, allt er fært reglulega. Hann sagði að það vantaði inn á uppgjörið frá fyrra ári samtímaskuldir sem greiddar hafa verið á þessu starfsári, var búinn að ræða það við Guðbjörgu og mun það verða leiðrétt.

7. Önnur mál

Dröfn las upp bréf frá klúbbunum á Akureyri um að halda þing 2016. Þetta kemur of seint. Dröfn mun senda þeim svar og óska eftir að þau haldi þing 2017.

Jóhanna spurði umdæmisstjóra hvort það væru öfl hér fyrir sunnan sem hefðu stoppað hana að gera breytingar. Dröfn svaraði því til að það væru ekki öfl heldur raddir.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

Óskar spurði um ný lög um umdæmisstjórnir. Dröfn svaraði því til að þeim hefði verið vísað til laganefndar.

Ástbjörn sagði að laganefnd væri komin með málið. Hann sagði frá því að það væri komin út bæklingur vegna Stífkrapaverkefnisins sem ætlaður er fyrirtækjum, þá sagði hann frá því að Eskja hefði ákveðið að verða módelkúbbur.

Umdæmisstjóri þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 14:20.

Hildisif Björgvinsdóttir
Umdæmisritari 2013 - 2014